

Svar

**umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við fyrirspurn frá
Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur og Birni Leví Gunnarssyni
um skrifleg svör ráðherra við fyrirspurnum frá alþingismönnum.**

1. *Hvert er ferlið í ráðuneytinu þegar fyrirspurn skv. 57. gr. laga um þingsköp Alþingis berst frá alþingismanni sem óskar skriflegs svars? Hvernig er það skráð í skjalavistunarkerfi ráðuneytisins?*

Ferli vegna vinnslu fyrirspurna frá Alþingi í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu er á þá leið að hver fyrirspurn er bókuð sem sérstakt mál í málaskrá. Málið fer til skrifstofustjóra sem felur tilteknum starfsmanni ábyrgð á fyrirspurninni og þar með að vinna svar við henni eða skrifstofustjóri felur teymisstjóra viðkomandi teymis að útdeila fyrirspurninni til starfsmanns í teyminu. Ábyrgðarmaður sér til þess að fyrirspurn sé svarað innan tilskilins frests. Ef ekki er unnt að svara fyrirspurninni innan frestsins óskar ábyrgðarmaður eftir því við ritara ráðherra að tilkynna um tafir til skrifstofu Alþingis. Við undirbúning að vinnslu svars er fyrirspurnin vel yfirfarin, ákveðið hvernig unnt er að svara henni á sem skilmerkilegastan hátt, öll gögn gaumgæfð innan ráðuneytisins sem utan, málið reifað vel í svari og dregin fram þeir þættir sem varða fyrirspurnina. Við vinnslu svarsins er notast við sérstakt sniðmát fyrir svör fyrirspurna sem er að finna á vef Alþingis. Svör við skriflegum fyrirspurnum eru yfirfarin af viðkomandi skrifstofustjóra og borin undir ráðherra áður en þau eru send til Alþingis. Ritari ráðherra annast um sendingu á tilbúnu svari við fyrirspurn til Alþingis. Öll gögn málsins eru vistuð undir viðkomandi máli í málaskrá ráðuneytisins.

2. *Hversu langur tími leið að jafnaði undanfarin þrjú ár frá því að fyrirspurn var útbýtt þar til ráðuneytið sendi forseta Alþingis skriflegt svar? Svar óskast sundurliðað eftir löggjafarþingum og fyrirspyrjendum.*

Eftirfarandi tafla sýnir yfirlit yfir fjölda skriflegra fyrirspurna á síðastliðnum þremur löggjafarþingum og meðalsvartíma. Miðað er við fjölda virkra daga frá því að ráðuneytinu barst fyrirspurn og þar til svar er sent til Alþingis. Upplýsingar þessar er að finna á vef Alþingis, en þar er unnt að kalla fram tölulegar upplýsingar eftir löggjafarþingum, fyrirspurnum, fyrirspyrjendum og svarendum.

Löggjafarþing nr.	Fjöldi fyrirspurna	Meðalsvartími (dagar)
153	44	73
152	26	44
151	30	35

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda fyrirspurna og meðalsvartíma á síðastliðnum þremur löggjafarþingum, sundurliðað eftir fyrirspyrjendum. Miðað er við fjölda virkra daga frá því að ráðuneytinu barst fyrirspurn og þar til svar er sent til Alþingis. Frekari sundurliðun á svörum við einstökum fyrirspurnum er að finna í fylgiskjali.

Fyrirspyrjandi	Fjöldi fyrirspurna	Meðalsvartími (dagar)
Albertína Friðbjörg Elíasdóttir	1	15
Andrés Ingi Jónsson	13	60
Ari Trausti Guðmundsson	1	55
Ágúst Ólafur Ágústsson	5	74
Ágúst Bjarni Garðarsson	1	54
Ásmundur Friðriksson	3	79
Ásthildur Lóa Þórsdóttir	2	102
Bergþór Ólason	5	67
Birgir Þórarinsson	1	89
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir	1	39
Björn Leví Gunnarsson	5	26
Bryndís Haraldsdóttir	2	83
Diljá Mist Einarsdóttir	1	34
Eva Dögg Davíðsdóttir	1	32
Eydís Ásbjörnsdóttir	4	48
Gísli Rafn Ólafsson	1	27
Guðjón S. Brjánsson	1	16
Gunnar Bragi Sveinsson	1	49
Halla Signý Kristjánsdóttir	3	34
Hanna Katrín Friðriksdóttir	1	52
Helga Vala Helgadóttir	2	60
Hilda Jana Gísladóttir	2	30
Hildur Sverrisdóttir	1	15
Indriði Ingi Stefánsson	3	79
Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir	1	16
Jóhann Friðrik Friðriksson	1	132
Jóhann Páll Pálsson	3	94
Jón Gunnarsson	2	35
Karl Gauti Hjaltason	4	22
Lenya Rún Taha Karim	1	15
Lilja Rafney Magnúsdóttir	2	19
Líneik Anna Sævarsdóttir	2	99
Óli Björn Kárason	1	35
Orri Páll Jóhannsson	1	65
René Biasone	1	154
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson	2	52
Sigurður Páll Jónsson	4	45
Steinunn Þóra Árnadóttir	1	20
Teitur Björn Einarsson	1	215
Valgerður Árnadóttir	1	9
Vilhjálmur Árnason	2	15
Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir	2	61

Fyrirspyrjandi	Fjöldi fyrirspurna	Meðalsvartími (dagar)
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir	2	18
Þorsteinn Sæmundsson	4	29
Þórunn Sveinbjarnardóttir	1	111

3. *Hvaða aðilar í ráðuneytinu sjá um vinnslu skriflegra svara, frágang þeirra, yfirllestur og sendingu til forseta Alþingis? Hversu langan tíma tók hvert þessara skrefa að jafnaði undanfarin þrjú ár? Svar óskast sundurliðað eftir löggjafarþingum og fyrirspyrjendum.*

Eins og fram kemur í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar ber sá starfsmaður í ráðuneytinu, sem er falið að svara fyrirspurninni, ábyrgð á því að leggja til svar við fyrirspurninni á réttu formi. Þá þarf iðulega að leita til annarra sérfræðinga við vinnslu fyrirspurnarinnar og upplýsinga frá stofnunum ráðuneytisins varðandi tiltekna þætti fyrirspurna. Að öðru leyti er vísað til svars við 1. tölul. fyrirspurnarinnar varðandi aðkomu starfsmanna ráðuneytisins að ferlinu. Í ráðuneytinu er ekki haldið verkbókhalði varðandi vinnslu fyrirspurna og því er ekki unnt að svara því hversu langan tíma hvert skref hefur tekið varðandi vinnslu einstakra fyrirspurna.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir skriflegar fyrirspurnir til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra á síðastliðnum þremur löggjafarþingum.

www.althingi.is/altext/pdf/154/fylgiskjol/s2141-f_I.pdf